

Minnisblað

Varðandi: Sviðsmyndir um mismunandi ráðstöfun handbærs fjár á árinu 2016

Málsnr. 1602049

Dags.: 8. febrúar 2016

Að beiðni bæjarstjóra hafa verið reiknuð út áhrif, á rekstur A hluta árið 2016, af því að ráðstafa af handbæru fé A hluta um 200 millj. kr. með eftirfarandi hætt:

1. Til afborgunar langtímalána með uppgreiðsluheimild
2. Til innborgunar inn á lífeyrisskuldbindingu

Reiknaðar voru út fjórar sviðsmyndir fyrir A-hluta sem byggja á eftirfarandi forsendum:

- a. Fjárhæðin sem er ákvörðuð til ráðstöfunar úr handbæru fé kr. 222,5 millj. kr. er uppgreiðslufjárhæð fimm langtímalána miðað við stöðu 01.01.2016.
- b. Gert ráð fyrir 2,5% ársverðbólgu (verðból gumarkmið Seðlabanka) og 3,5% raunávöxtunarkröfu lífeyrissjóða. Ársvextir banka eru 4,7% að viðbættum 50 punkta álagi eða 5,2%.
- c. Birt er áætluð breyting skv. hverri sviðsmynd í áætluðum rekstrarreikningi og sjóðsstreymi A-hluta sjá meðfylgjandi fylgiskjal. Áætlað handbært fé í árslok 2016 er um 384 mkr. samkvæmt fjárhagsáætlun 2016¹.
- d. Í sviðsmynd eitt og tvö er gert ráð fyrir að ráðstöfunin verði bæði til uppgreiðslu langtímalána og innborgun á lífeyrisskuldbindingu.

Niðurstöður sviðsmynda eru eftirfarandi:

Sviðsmynd nr. 1: Gert er ráð fyrir uppgreiðslu langtímalána að upphæð 121.976 þús./kr. og innborgun á lífeyrisskuldbindingu (ávöxtunarkrafa 3,5%) að upphæð 100.483 þús./kr. Niðurstaða er jákvæð breyting á rekstrarniðurstöðu um **3,3 mkr.** á ársgrunni. Handbært fé í árslok 2016 er áætlað 159 mkr.

Sviðsmynd nr. 2: Gert er ráð fyrir uppgreiðslu langtímalána að upphæð 121.976 þús./kr. og innborgun á lífeyrisskuldbindingu (ávöxtunarkrafa 4,0%) að upphæð 100.483 þús./kr. Niðurstaða er jákvæð breyting á rekstrarniðurstöðu um **3,8 mkr.** á ársgrunni. Handbært fé í árslok 2016 er áætlað 159 mkr.

¹ Áætlað er að raunstaða sjóðs í ársbyrjun 2016 verði um 150 millj. kr. hærri en áætlaður sjóður skv. fjárhagsáætlun 2016.

Sviðsmynd nr. 3: Gert er ráð fyrir uppgreiðslu langtímalána að upphæð 222.459 þús./kr. Niðurstaða er jákvæð breyting á rekstrarniðurstöðu um **3,2 mkr.** á ársgrunni. Handbært fé í árslok 2016 er áætlað 165 mkr.

Sviðsmynd nr. 4: Gert er ráð fyrir innborgun á lífeyrisskuldbindingu (ávöxtunarkrafa 7,2%) að upphæð 222.459 þús./kr. Niðurstaða er jákvæð breyting á rekstrarniðurstöðu um **10,4 mkr.** á ársgrunni. Handbært fé í árslok 2016 er áætlað 150 mkr.

Undirritaður mælir með að horft sé til sviðsmynda 1 og 2. Mismunur á þeim er að í sviðsmynd 1 er gert ráð fyrir raunávöxtunarkröfu lífeyrissjóða 3,5% en í sviðsmynd 2 er gert ráð fyrir 4,0% raunávöxtunarkröfu.

Í sviðsmynd 3 er gert ráð fyrir að lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga með 3,4% vöxtum (breytilegir vextir) verði greitt upp, sem er lægri prósentu en raunávöxtunarkrafa lífeyrissjóða.

Í sviðsmynd 4 er gert ráð fyrir að raunávöxtun lífeyrissjóðs LSS á árinu 2015 (áætluð 7,2%), en undirritaður telur það óraunhæfa % til lengri tíma.

Undirritaður vann þessar sviðsmyndir og minnispunkta með Jóhanni Þórðarsyni.

Gert 08.02.2016,

Andrés Ólafsson, fjárm.stjóri